

GRÍMUR OG EINNOTA HANSKAR

Leiðbeiningar frá 06.11.2020, m.a. byggt á reglugerð nr. 1051/2020

Grímur

- Skytt er að á samkomum, öllum vinnustöðum og í allri annarri starfsemi sé hægt að hafa a.m.k. 2 metra bil á milli einstaklinga sem ekki eru í nánnum tengslum. Annars skulu notaðar grímur sem hylja munn og nef.
- Mikilvægt er að setja grímu rétt á andlit, snerta hana sem minnst (sérstaklega miðsvæði hennar) og ávallt hreinsa hendur fyrir og eftir að gríma er snert.



- Grímuskylda er í heilbrigðisþjónustu og löggæslu þegar ekki er hægt að virða 2 metra reglu.
- Grímuskylda er í verslunum.
- Grímuskylda er í innanlandsflugi, ferjum, leigubifreiðum, hóp-bifreiðum og í almenningssamgöngum (strætó).
- Grímuskylda er í grunnskólum (fyrir börn eldri en 9 ára) og í framhalds- og háskólum ef ekki er hægt að virða 2 metra reglu.
- Grímuskylda er fyrir gesti á athöfnum t.d. jarðarförum.
- Nota ætti grímu ef dvelja þarf í rými þar sem loftgæði eru léleg.
- Ef til stendur að nota sömu grímu aftur, þarf að geyma hana í hreinum umbúðum fram að næstu notkun.
- Geymið margnota grímur einnig í hreinum umbúðum fram að þvotti.

ATH! Loftgæði má bæta með að opna glugga eða dyr, lofta út í a.m.k. 10-15 mín. í senn, daglega, hafa þrif í lagi og þægilegt hitastig.

Hanskar

Almenningur ætti ekki að nota hanska til varnar COVID-19. Hanskarnir mengast strax og viðvarandi notkun getur valdið aukinni sýkingarhættu.

- Handþvottur eða handsprittun er mikilvæg og allir eiga að hreinsa hendur með sápuvatni eða spritti eftir snertingu við mengað yfirborð.
- Nota hanska við óhrein verk s.s. við þrif eða fyrirséða snertingu við líkamsvessa. Fara strax úr hönskunum eftir að verki lýkur á réttan hátt (hverfa þeim af höndunum) og setja þá beint í ruslafötu.
- Hendur á að þvo eða spritta eftir að farið er úr hönskum.
- Séu hanskar notaðir við afgreiðslu t.d. í bakaríum, ísbúðum og veitingahúsum þarf að fara í nýja hanska við hverja afgreiðslu.
- Einnota hanskar eru einnota - ekki spritta þá eða þvo til endurnotkunar.



Förgun á hönskum og grímum

- Grímur og hanskar eiga að fara í almennt sorp, **alls ekki** í salernið.
- Munið að spritta hendur fyrir og eftir að gríma er snert.
- Hafið ruslapoka handhæga t.d. í bifreiðum svo grímur og hanskar séu ekki að fjúka út og valda hugsanlegri hættu og skaða í náttúrunni.